STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Ársfundur Stapa 2024

2. maí 2024

# Dagskrá

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Breytingar á samþykktum
6. Stjórnarkjöri lýst
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál

# 2. Skýrsla stjórnar

Guðný Hrund Karlsdóttir, stjórnarformaður

# 2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

# Ársskýrsluvefur 2023

https://arsskyrsla.stapi.is/2023



# Rekstur Stapa árið 2023

- Rúmlega **16 þúsund** sjóðfélagar frá 11 aðildarfélögum greiddu til sjóðsins í lok ársins
- Iðgjöld bárust frá vel á fjórða þúsund launagreiðendum
- Mánaðarleg iðgjöld eru nú um **1.600 m.kr.**

- Tæplega **100 þúsund** sjóðfélagar eiga **390 ma.kr.** sparnað sem sjóðurinn varðveitir
- Eignavísitala sjóðsins hækkaði um 6% á árinu og þar með réttindasjóður sjóðfélaga

- Tæplega **13 þúsund** sjóðfélagar þáðu lífeyri frá sjóðnum í lok ársins
- Mánaðarlegar greiðslur lífeyris nema rúmlega **900 m.kr.**
- Ríflega **2 þúsund úrskurðir** lífeyris framkvæmdir á árinu

# Iðgjöld og lífeyrir

| | Skýr. | 2023 | 2022 | Br. |
|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | 2 | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 5.056.496 | 4.459.136 | *13%* |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 13.682.124 | 12.013.224 | *14%* |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (493.907) | (230.471) | *114%* |
| | | 18.244.713 | 16.241.888 | *12%* |
| Sérstök aukaframlög | 3 | 775.894 | 593.167 | *31%* |
| | | 19.020.607 | 16.835.055 | *13%* |
| **Lífeyrir** | | | | |
| Heildarfjárhæð lífeyris | 4 | 11.011.753 | 9.353.321 | *18%* |
| Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs | | 105.187 | 101.259 | *4%* |
| Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | 5 | 4.753 | 5.075 | *-6%* |
| Eftirlaun frá Tryggingastofnun | | (387) | (739) | *-48%* |
| | | 11.121.306 | 9.458.916 | *18%* |

- Iðgjöld vaxa um 13% milli ára
  - Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 8% og launavísitala um 7%

- Heildarfjárhæð lífeyris vex um 18% í takti við aukin réttindi þeirra árganga sem nú fara á lífeyri

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Hreinar fjárfestingartekjur

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Hreinar fjárfestingartekjur** | | | |
| Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum ... | 6 | 11.951.683 | (12.598.198) |
| Hreinar tekjur af skuldabréfum ....................................... | 7 | 10.346.376 | (2.801.192) |
| Hreinar tekjur af afleiðusamningum .............................. | | 0 | 24.400 |
| Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .................. | | 25.072 | 32.469 |
| Vaxtatekjur af handbæru fé ............................................ | | 184.422 | 384.919 |
| Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .................. | | 43.944 | 22.640 |
| Ýmsar fjárfestingartekjur ................................................ | | 0 | 21.789 |
| Fjárfestingargjöld ............................................................ | 8 | (73.562) | (57.939) |
| | | 22.477.936 | (14.971.111) |

- Ágætur viðsnúningur í fjárfestingartekjum frá fyrra ári þó að markmiðsávöxtun hafi ekki verið náð
- Jákvæð nafnávöxtun (6%) en neikvæð raunávöxtun vegna mikillar verðbólgu á árinu

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður: | 2023 | 2022 | *br.* |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld........................................ | 358.637 | 336.925 | *6%* |
| Tryggingastærðfræðingur ....................................... | 8.955 | 3.582 | *150%* |
| Endurskoðun ......................................................... | 6.338 | 5.625 | *13%* |
| Innri endurskoðun.................................................. | 172 | 5.455 | *-97%* |
| Lögfræðikostnaður................................................. | 8.782 | 13.623 | *-36%* |
| Fjármálaeftirlit....................................................... | 20.245 | 17.705 | *14%* |
| Tölvukostnaður....................................................... | 80.543 | 93.412 | *-14%* |
| Annar kostnaður..................................................... | 66.910 | 71.203 | *-6%* |
| | 550.583 | 547.530 | *1%* |

- Kostnaðarhlutfall 0,14% af heildareignum
- Stöðugildum hjá sjóðnum fækkaði um 0,5 á milli ára
- Tölvukostnaður lækkar mikið milli ára í kjölfar árangursríkra breytinga á fyrirkomulagi reksturs megin upplýsingatæknikerfis sjóðsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris



# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 2023 | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | | |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 10 | 221.804.160 | 199.328.632 | *11%* |
| Skuldabréf | 11 | 149.318.501 | 139.527.017 | *7%* |
| Bundnar bankainnstæður | | 229.594 | 265.292 | *-13%* |
| | | 371.352.254 | 339.120.941 | *0* |
| **Kröfur** | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 1.925.140 | 1.693.123 | *14%* |
| Aðrar kröfur | | 793.931 | 61.985 | *1181%* |
| | | 2.719.071 | 1.755.108 | *55%* |
| **Ýmsar eignir** | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 13 | 280.802 | 265.163 | *6%* |
| **Handbært fé** | | 4.957.097 | 8.373.342 | *-41%* |
| **Eignir samtals** | | 379.309.225 | 349.514.553 | *9%* |
| **Skuldir** | | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | |
| Aðrar skuldir | | 71.539 | 103.524 | *-31%* |
| **Skuldir samtals** | | 71.539 | 103.524 | *-31%* |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 379.237.685 | 349.411.030 | *9%* |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

- Eignarhlutir í félögum og sjóðum og skuldabréf hækka í takti við virðisaukningu
- Kröfur á launagreiðendur aukast milli ára vegna í samræmi við aukin umsvif iðgjalda

# Deildir Stapa




- **Tryggingadeild** sjóðsins sem heldur utan um eftirlaun og áfallatryggingar er langstærsta deild sjóðsins með um **98%** heildareigna
- **Séreignardeild** geymir um **2%** af heildareignum sjóðsins og heldur utan um séreignarsparnað sem er laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri
- **Tilgreind séreignardeild** var stofnuð árið 2017 og geymir nú **0,2%** af heildareignum sjóðsins
  - Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 62 ára aldri

# Tryggingadeild

# Iðgjöld tryggingadeildar

| | 2023 | 2022 | Breyting % |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld í m.kr. | 17.721 | 15.825 | 12,0% |
| Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 16.239 | 15.686 | 3,5% |
| Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga | 22.511 | 22.185 | 0,1% |
| Fjöldi launagreiðenda | 3.840 | 3.526 | 8,9% |



# Aldur og ríkisfang virkra sjóðfélaga






# Ríkisfang sjóðfélaga Stapa




- Í aldurshópnum 21-40 ára eru 40% sjóðfélaga erlendir ríkisborgarar.
- Nýir sjóðfélagar á árinu 2023 voru um 3.200
  - Af þeim voru 70% erlendir ríkisborgarar

# Ríkisfang erlendra sjóðfélaga



# Iðgjöld tryggingadeildar



# Eftirlaunaúrskurðir

## Töluverð fjölgun í yngri aldurshópum



# Eftirlaunataka




*21% þeirra sem urðu 64 ára á árinu hafa þegar hafið töku eftirlauna*

*75% þeirra sem urðu 67 ára á árinu hafa þegar hafið töku eftirlauna*

# Fjárfestingartekjur tryggingadeildar






# Breytingar eignavísitölu Stapa

## Árleg hækkun frá 2016 nemur tæplega 8%



# Séreignardeild

# Iðgjöld séreignardeildar






# Iðgjöld séreignardeildar



# Tilgreind séreignardeild

# Tilgreind séreign

- Tilgreind séreign á rætur að rekja til kjarasamninga frá árinu 2016 þegar iðgjald í lífeyrissjóð á almennum markaði var hækkað úr 12% í 15,5%
- Eftir það var heimilt að ráðstafa allt að 3,5% af iðgjaldi, sem nam hækkuninni úr 12% í 15,5%, í tilgreinda séreign sem skyldi greiðast út á 5 ára tímabili frá 62 ára aldri
- Samkvæmt upphaflegum hugmyndum skyldi þessi nýja séreign ávöxtuð hjá viðkomandi skyldulífeyrissjóði og lúta fjárfestingarreglum samtryggingardeilda

| Deild | Iðgjöld launþega sem hlutfall af launum | Ávinningur | Erfist | Úttekt |
|---|---|---|---|---|
| Samtrygging | 4% · 8% · 3,5% | Ævilöng eftirlaun<br>Áfallalífeyrir (örorku-, maka- og barnalífeyrir) | ✗ | Frá 60 ára |
| Tilgreind séreign | 0-3,5%* | Sjóður | ✓ | Frá 62 ára |
| Séreign | 2-4% · 2% | Sjóður<br>Skattfrjáls ráðstöfun til kaupa á fyrstu íbúð eða inn á íbúðalán | ✓ | Frá 60 ára |

# Tilgreind séreign

- Á þessum tímapunkti hafði hækkun lágmarksiðgjalds og tilgreind séreign **ekki verið lögfest**, heldur átti hún sér aðeins stoð í viðkomandi **kjarasamningum og samþykktum** þeirra sjóða sem innleiddu slíkt í samþykktir sínar

- Í kjölfar umkvartana nokkra lífeyrissjóða sem standa utan samningssviðs SA og ASÍ sendi FME dreifibréf til allra lífeyrissjóða þar sem fram kom að **tilgreindri séreign mætti ráðstafa til annarra vörsluaðila** séreignarsparnaðar
  - Eftir sem áður skyldi "móttökusjóður" innheimta iðgjaldið en skila svo þeim hluta sem tilheyrir tilgreindri séreign til þess vörsluaðila sem sjóðfélagi hefði gert samning við

- Fyrst um sinn **þátttaka í tilgreindri séreign afar lítil** og flestir sem gerðu samning um slíkt greiddu tilgreinda séreign til "móttökusjóðs"

- Undanfarin ár hafa sölumenn eða umboðsmenn erlendra tryggingafélaga stundað mikið markaðsstarf varðandi tilgreinda séreign sem hefur valdið **stökkbreytingu á nýtingu hennar** hjá sjóðfélögum Stapa

# Iðgjöld tilgreindrar séreignar






# Tilgreind séreign hjá Stapa



# Tilgreind séreign hjá Stapa



# Tilgreind séreign hjá Stapa

## Skipting samninga um tilgreinda séreign hjá Stapa




## Aldursskipting sjóðfélaga í tilgreindri séreign Stapa



# Erlendir vörsluaðilar tilgreindrar séreignar

- Nær **ómögulegt er að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um kostnað** iðgjaldagreiðenda við að ganga í samningssamband við erlenda vörsluaðila tilgreindrar séreignar í gegnum innlenda umboðsaðila
  - Við sjáum dæmi þess að afföll af séreignarsparnaði við flutning hans til annars aðila eða uppsögn hlaupi á **tugum prósenta**
  - Þess utan er einnig innheimt **gjald af hverri iðgjaldagreiðslu** og **árleg þóknun af innistæðu**

- Vísbendingar eru um að **rangar eða ófullnægjandi upplýsingar** séu veittar af sölumönnum innlendra umboðsaðila erlendra vörsluaðila séreignarsparnaðar
  - Dæmi um að gefið sé í skyn að tilgreind séreign sé ekki valmöguleiki hjá hefðbundnum lífeyrissjóðum
  - Hafa verður í huga að sölumenn hafa **líklega beina fjárhagslega hagmuni** af því að af samningssambandi verði, óháð hagsmunum sjóðfélaga

- Háar þóknanir innlendra umboðsaðila endurspeglast í miklum hagnaði þessara félaga
  - Allianz á Íslandi hagnaðist um yfir 500 m.kr. á ári undanfarin tvö ár og í skýrslu stjórnar vegna ársins 2022 sagði m.a.;

    *„Stoðir rekstursins eru sterkar. Þróun og innleiðing tæknilausna undanfarin ár hefur styrkt starfsemina og innviði. Gegndu t.d. mikilvægu hlutverki í **ábatasamri innleiðingu á tilgreindri séreign** á árinu. Allianz hóf móttöku á tilgreindri séreign í ágúst 2022.“*

# Viðbrögð Stapa

SEÐLABANKI ÍSLANDS

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Lífeyris... ...rlit **Seðlabanka Íslands**
vegna s... ...örsluaðila við litlar
undirte...

Erindi v... ...**aráðuneytisins** í von um
að sjón...

Í **launa**... ...rs sl. vakti sjóðurinn
athygli l... ...heimsóknir stór þáttur í
markað...

Mikilvæ... ...nig upplýstir um
núverar... ...r að ræða hreina afurð
kjarasa...

## Fer sparnaðurinn þinn í kostnað?

Margir kjara- eða ráðningarsamningar heimila sjóðfélögum að ráðstafa allt að 3,5% af skylduiðgjaldi í tilgreinda séreign.

Nokkuð hefur borið á að sölumenn erlendra aðila heimsæki fyrirtæki til að kynna valkostinn fyrir launþegum. Mikilvægt er að sjóðfélagar viti að ef tilgreindri séreign er ráðstafað til erlendra aðila er kostnaður, sem fellur á launþegann, umtalsvert hærri en hjá innlendum vörsluaðilum séreignar. Sölumenn erlendra vörsluaðila fá greitt fyrir undirritaða samninga og hafa því síður hvata til að kynna valkostinn á hlutlausan hátt.

Við hvetjum sjóðfélaga til að kynna sér málin vel og gæta þess að réttar upplýsingar og samanburður liggi fyrir áður en ákvörðun um slík viðskipti er tekin. Ef fyrirtæki eða starfsmannafélög óska eftir að fá upplýsingar um tilgreinda séreign og/eða önnur mál tengd Stapa, má alltaf fá starfsmann frá sjóðnum til að fara yfir málið.

Fréttabréf Stapa lífeyrissjóðs | Vor 2024

# Áhyggjur af stöðu tilgreindrar séreignar

Til að taka af allan vafa: **Aukið valfrelsi sjóðfélaga Stapa** um hvernig lífeyrissparnaði þeirra verði háttað **er af hinu góða**

Núverandi staða tilgreindrar séreignar vekur hins vegar hjá okkur áhyggjur fyrir hönd okkar sjóðfélaga:

- **Tilgreind séreign er hluti lágmarkstryggingaverndar** – sem nú hefur verið gerð að **matarholu** umboðsmanna erlendra tryggingafélaga
- Okkur virðist sem sú vara sem erlend tryggingafélög bjóði upp á sé **hvergi nærri því formi sem Íslendingar þekkja** sem séreign
- Sjóðfélagar virðast sjaldan gera sér grein fyrir **öllum þeim kostnaði** sem hlýst af gerð samnings um tilgreinda séreign við þessa aðila, hvað ef færa á inneignina til annars vörsluaðila
- **Opinber upplýsingagjöf um þóknanir** sem eru innheimtar af iðgjöldum, inneign, við færslu inneignar til annars vörsluaðila er til **verulega ábótavant** og virðast **ekki uppfylla lágmarksákvæði laga**



# Tryggingafræðilegt mat

Unnið af Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi

# Tryggingafræðileg athugun

- Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998
- Fjármálaráðuneytið gaf út **nýjar staðalforsendur** fyrir tryggingafræðilegar athuganir í **desember 2021**

- Staðalforsendurnar eru hvað varðar örorkulíkur byggðar á athugun Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2018
  - Fyrir Stapa er gerð aðlögun varðandi örorkulíkindi með því að nota **140%** af meðaltali fyrir nýgengi örorku karla og 100% af meðaltali fyrir konur

- Lífslíkur byggja einnig á sömu athugun 2014-2018 **auk þess sem gert er ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári** í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga
  - Lækkandi dánartíðni kom í fyrsta skiptið inn í tryggingafræðilega athugun íslenskra lífeyrissjóða við athugun í árslok 2021

# Tryggingafræðileg staða



# Breyting tryggingafræðilegrar stöðu



# Framundan hjá Stapa

Mikil áhersla á aukna hagnýtingu upplýsingatækni til að auka skilvirkni og öryggi í starfi sjóðsins

Straumlínulögun eignasafns sjóðsins
Lækkun hlutfalls óskráðra eigna
Einföldun eignasafns

Kynning á réttindakerfi Stapa og aukin samskipti við hagaðila

Áframhaldandi áhersla á ábyrgar fjárfestingar



# Orðið er laust

Ársreikningur 2023

# 3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Óli Þór Birgisson, forstöðumaður eignastýringar

# Fjárfestingarstefna

# Þróun efnahagsstærða 2023

## Stýrivextir héldu áfram að hækka á árinu – verðbólgan þrálátari en vonir stóðu til

### Stýrivextir Seðlabanka Íslands




### Vísitala neysluverðs



# Þróun eignamarkaða 2023

## Misgóð ávöxtun milli eignamarkaða



# Ávöxtun eigna tryggingadeildar 2023






# Erlent hlutabréfasafn

## Ávöxtun skráðra sjóða góð á árinu 2023






# Viðskipti tryggingadeildar árið 2023



# Eignasamsetning í árslok 2023

## Tegundir eigna




## Gjaldmiðlaáhætta




## Grænar eignir



# Langtíma nafnávöxtun



# Langtíma raunávöxtun



# Söguleg þróun á eignasafni

## Vægi hlutabréfa aukist undanfarin ár



# Vægi erlendra eigna aukist jafnt og þétt

## Úr 25% í rúm 42% á undanförnum áratug



# Ávöxtun séreignasafna 2023



# Ávöxtun það sem af er ári 2024

Fyrstu fjórir mánuðir ársins

# Ávöxtun eigna tryggingadeildar 2024

## Fyrstu fjórir mánuðir ársins






# Eignasamsetning um síðustu mánaðarmót

## Viðfangsefni fjárfestingarstefnu 2024

### Tegundir eigna




### Gjaldmiðlaáhætta




### Grænar eignir



# Nafnávöxtun séreignasafna 2024

## Fyrstu fjórir mánuðir ársins





# Orðið er laust

Fjárfestingarstefna



# 4. Hluthafastefna Stapa

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

# Hluthafastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar

## Hluthafastefna

- Tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi og hvernig við væntum þess að stjórnarháttum fyrirtækja verði háttað
  - Umboðsskylda gagnvart sjóðfélögum
  - Samskipti sem hluthafi
  - Beiting atkvæða á hluthafafundum

**Framkvæmd**

- Stapi beitir atkvæðisrétti sínum í samræmi við anda hluthafastefnu sjóðsins
- Sjóðurinn á uppbyggileg samskipti við félög um stjórnarhætti þeirra – kemur á framfæri ábendingum
- Sjóðurinn gerir opinberlega grein fyrir beitingu atkvæðaréttar á hluthafafundum skráðra félaga

## Stefna um ábyrgar fjárfestingar

- Tilgreinir ramma um framkvæmd ábyrgra fjárfestinga sjóðsins
- Stapi byggir viðmið sín um ábyrgar fjárfestingar á grunngildum íslenskra laga á sviði umhverfisþátta og félagslegra þátta – ásamt alþjóðlegum sáttmálum og samningum
- Sjóðurinn kann einnig að taka þátt í samstarfi á sviði umhverfisþátta eða félagslegra þátta

**Framkvæmd**

- Umhverfisþættir og félagslegir þættir hluti af greiningu fjárfestingarkosta
- Stapi kann að beita jákvæðri eða neikvæðri skimun

# Þróun Stapa sem ábyrgs fjárfestis

**2015:** Fyrsta hluthafastefna Stapa

PRI Principles for Responsible Investment

**2017:** Stapi er meðal stofnaðila að IcelandSIF, óháðs vettvangs fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar

ICE LAND SIF

Fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar

**2020:** Stapi undirritar viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar

**2021:** Hluthafastefna uppfærð og fyrsta stefnan um ábyrgar fjárfestingar samþykkt.
Stapi gerist aðili að Climate Investment Coalition

Climate Investment Coalition

**2023:** Innleiðing upplýsingagjafar vegna áhættu tengdri sjálfbærni (SFDR) í stefnur og ferli

**2024:** Áframhaldandi þróun Stapa sem ábyrgs fjárfestis, þróun á innri og ytri upplýsingagjöf og lykilmælikvörðum

# Ábyrgar fjárfestingar

## Flokkun erlendra eignastýrenda og sjóða



# Ábyrgar fjárfestingar

## Flokkun erlendra eignastýrenda og sjóða



# Ábyrgar fjárfestingar

## Flokkun erlendra eignastýrenda og sjóða



# Ábyrgar fjárfestingar

## Climate Investment Coalition





# Orðið er laust

Hluthafastefna

# 5. Breytingar á samþykktum

Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs

# Umræður um breytingar á samþykktum

Stjórn sjóðsins gerir tillögur um tvær breytingar á ákvæðum samþykkta Stapa:

1. Samræming forsendna um lengra viðmiðunartímabil viðmiðunartekna tekjuathugunar vegna örorkulífeyris (grein 19.4)
2. Samræming forsendna um lengra viðmiðunartímabil framreikningsiðgjalds vegna framreiknings við ákvörðun örorkulífeyris (grein 19.6a)

# Örorkulífeyrir og viðmiðunartekjur

- Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef allt neðangreint á við:
  - Hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira
  - Hann hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár
  - Hann hefur orðið fyrir **tekjuskerðingu** af völdum orkutapsins

- Tekjuskerðing af völdum orkutapsins metin með því að bera saman tekjur sem viðkomandi hafði fyrir orkutap, svokallaðar **viðmiðunartekjur**, við tekjur eftir orkutap



# Hverjar eru tekjur fyrir orkutap?




Almenna reglan er sú að sjóðurinn skoðar fjögur almanaksár fyrir orkutap og tekur meðaltal þeirra.

Í þessu tilviki eru viðmiðunartekjur fyrir orkutap metnar 420 þús.

# Hverjar eru tekjur fyrir orkutap?




Ef um **sjúkdómsforföll** er að ræða einhver af þessum fjórum árum þá getur sjóðurinn rýnt 8 ár fyrir orkutap, sleppt því hæsta og lægsta og tekið meðaltal af hinum.

Í þessu tilviki eru viðmiðunartekjur fyrir orkutap metnar 470 þús.

# Útfærslur á viðmiðunartekjum

- **Undantekningar eru gerðar í samþykktum flestra sjóðanna** ef einhver tiltekin atriði einkenna iðgjaldasögu á þeim þremur eða fjórum árum sem viðmiðunartekjur taka til, og áravalið því óhagstætt sjóðfélaga
- Þar sem þetta undantekningarákvæði er **orðað á mismunandi hátt hjá sjóðnum** og tillit tekið til **mismunandi þátta** þá eru viðmiðunartekjur sjóðfélaga **stundum mjög ólíkar** á milli sjóðanna

- Því hefur hópur á vegum réttindanefndar LL lagt til að undantekningarákvæðið, svokölluð **8 ára regla**, verði **samræmt á milli sjóðanna**, með sanngirnissjónarmið í fyrirrúmi
- Það verði því tekið tillit til eftirfarandi fjögurra þátta sem öll geta haft neikvæð tímabundin áhrif á iðgjaldasögu sjóðfélaga; **sjúkdómsforföll, nám, barneignir og atvinnuleysi**

# Tillögur að samþykktarbreytingum

## Grein 19.4

| | |
|---|---|
| 19.4 | Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 21 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, svo kallaðar viðmiðunartekjur, sbr. a) lið gr. 19.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2007 sbr. einnig a) lið gr. 19.6  Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða heildartekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Tekjumissir telst mismunur viðmiðunartekna annars vegar og heildartekna eftir að örorka hefur verið metin þar með taldar tekjur af lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundnum tryggingabótum vegna örorkunnar.  Viðmiðunartekjur samkvæmt þessari grein eru heildartekjur sjóðfélaga framreiknaðar með vísitölu neysluverðs.  Sé þetta fjögurra ára meðaltal sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, náms, barneigna eða atvinnuleysis er sjóðsstjórn heimilt að leggja til grundvallar meðaltal tekna allt að 8 ár aftur í tímann í samræmi við reglu í a.lið gr. 19.6.  Samanburður á tekjum örorkulífeyrisþega við viðmiðunartekjur skal fara fram árlega eða oftar.<br><br>Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað þ.m.t. að heimila aðgang sjóðsins að staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra á hverjum tíma, á rafrænu formi. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar. Veiti sjóðfélagi rangar eða villandi upplýsingar um tekjur sínar þ.m.t. vegna tekna sem ekki hafa verið gefnar upp til ríkisskattstjóra, er heimilt að skerða eða fella niður lífeyri til viðkomandi sjóðfélaga. |

# Framreikningur

- Þegar sjóðfélaga er úrskurðaður örorkulífeyrir er áætlað hvaða iðgjöld viðkomandi hefði haldið áfram að greiða til sjóðsins, ef ekki hefði komið til orkutaps. Sú áætlun er nefnd framreikningur.
- Til samræmis við breytingu á grein 19.4 eru nú sömu fjórir þættir, þ.e. **sjúkdómsforföll, nám, barneignir og/eða atvinnuleysi** taldir upp í grein 19.6.
- Áður var ekki skilgreint hvaða þættir gætu valdið því að horfa mætti til átta ára reglunnar, einungis að það mætti ef sjóðstjórn teldi rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur.



# Tillögur að samþykktarbreytingum

## Grein 19.6 a)

| | |
|---|---|
| 19.6 a) | Reglubundnar iðgjaldagreiðslur Hafi iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs og/eða annarra lífeyrissjóða verið reglubundnar skal framreikna með því leggja til grundvallar reiknað meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið til að meta tekjutap vegna ókomins tíma skv.gr. 19.5. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, vegna sjúkdómsforfalla, náms, barneigna eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu IV í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald, réttur til jafnar ávinnslu lækkar samhliða eftir 10 ár. Þessar takmarkanir á fjárhæðum vegna framreiknings eiga við um allar tegundir framreiknings skv. grein þessari (liðir a-e) |

# Mat tryggingastærðfræðings á áhrifum

- Um 20% þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri eru með skerðingu vegna tekna, en þrengingarákvæði gætu tekið til allra sem fá framreikning. Aðstæður þar sem reynir á ákvæði um breytt viðmiðunartímabil koma þó ekki oft upp og hafa ekki verið mikið notuð við framreikning.

- Breyting ákvæða í greinum 19.6 og 19.4 vega að einhverju leyti hvor aðra upp. Telja verður að breyting hvað greiðslur sjóðsins varðar verði óveruleg og þannig verði áhrif á tryggingafræðilega stöðu einnig óveruleg.

# Atkvæðagreiðsla um samþykktarbreytingar

# Tillögur að samþykktarbreytingum

## Grein 19.4

ATKVÆÐAGREIÐSLA

| | |
|---|---|
| 19.4 | Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 21 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, svo kallaðar viðmiðunartekjur, sbr. a) lið gr. 19.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2007 sbr. einnig a) lið gr. 19.6  Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða heildartekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Tekjumissir telst mismunur viðmiðunartekna annars vegar og heildartekna eftir að örorka hefur verið metin þar með taldar tekjur af lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundnum tryggingabótum vegna örorkunnar.  Viðmiðunartekjur samkvæmt þessari grein eru heildartekjur sjóðfélaga framreiknaðar með vísitölu neysluverðs.  Sé þetta fjögurra ára meðaltal sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, náms, barneigna eða atvinnuleysis er sjóðsstjórn heimilt að leggja til grundvallar meðaltal tekna allt að 8 ár aftur í tímann í samræmi við reglu í a.lið gr. 19.6.  Samanburður á tekjum örorkulífeyrisþega við viðmiðunartekjur skal fara fram árlega eða oftar.<br><br>Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað þ.m.t. að heimila aðgang sjóðsins að staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra á hverjum tíma, á rafrænu formi. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar. Veiti sjóðfélagi rangar eða villandi upplýsingar um tekjur sínar þ.m.t. vegna tekna sem ekki hafa verið gefnar upp til ríkisskattstjóra, er heimilt að skerða eða fella niður lífeyri til viðkomandi sjóðfélaga. |

# Tillögur að samþykktarbreytingum

## Grein 19.6 a)

**ATKVÆÐAGREIÐSLA**

| | |
|---|---|
| 19.6 a) | Reglubundnar iðgjaldagreiðslur Hafi iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs og/eða annarra lífeyrissjóða verið reglubundnar skal framreikna með því leggja til grundvallar reiknað meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið til að meta tekjutap vegna ókomins tíma skv.gr. 19.5. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, vegna sjúkdómsforfalla, náms, barneigna eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu IV í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald, réttur til jafnar ávinnslu lækkar samhliða eftir 10 ár. Þessar takmarkanir á fjárhæðum vegna framreiknings eiga við um allar tegundir framreiknings skv. grein þessari (liðir a-e) |



# 6. Stjórnarkjöri lýst

# Stjórn Stapa að tilnefningum samþykktum

Fulltrúaráð sjóðsins hefur staðfest tilnefningar stjórnarmanna til næstu tveggja ára. Tilnefningarnar eru feitletraðar hér að neðan en stjórn sjóðsins verður þannig skipuð:

## Frá atvinnurekendum

- **Elín Hjálmsdóttir (til 2026)**
- **Valdimar Halldórsson (til 2025)**
- Elsa Björg Pétursdóttir (til 2025)
- Kristinn Kristófersson (til 2025)

### *Varamenn*

- **Páll Snorrason (til 2026)**
- Guðrún Ingólfsdóttir (til 2025)

## Frá launþegum

- **Guðný Hrund Karlsdóttir (til 2026)**
- **Þórarinn Sverrisson (til 2026)**
- Björn Snæbjörnsson (til 2025)
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir (til 2025)

### *Varamenn*

- **Ásdís Helga Jóhannsdóttir (til 2026)**
- Heimir Kristinsson (til 2025)

# 7. Kosning löggilts endurskoðanda

# Kosning löggilts endurskoðanda

Stjórn Stapa leggur til að KPMG ehf. verði endurskoðandafyrirtæki sjóðsins á árinu 2024.



# Orðið er laust

Kosning löggilts endurskoðanda

# 8. Starfskjarastefna

# Breytingar á starfskjarastefnu frá fyrra ári

## Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR)

*5. gr.*

**Gagnsæi starfskjarastefnu í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn**

1. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu í starfskjarastefnum sínum hafa upplýsingar um hvernig þær stefnur samræmast innfellingu áhættu tengda sjálfbærni og skulu birta þær upplýsingar á vefsetrum sínum.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu hafðar með í starfskjarastefnum sem aðilum á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjöfum ber skylda til að koma á og uppfæra í samræmi við sérlög, einkum tilskipanir 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97 og (ESB) 2016/2341.

# Starfskjarastefna

## Orðalagsbreytingar frá fyrra ári í inngangi

Starfskjarastefna Stapa lífeyrissjóðs tekur mið af þeim reglum sem settar hafa verið um hlutafélög í ákvæðum 79. gr. laga nr. 2/1995. Starfskjarastefnan byggir á meginreglum um góða stjórnarhætti og hefur það að markmiði sjóðurinn hafi ávallt á að skipa góðu og traustu starfsliði. Með því móti vill sjóðurinn treysta þá viðleitni sína að hann veiti framúrskarandi þjónustu, hafi hagsmuni sjóðfélaga ávallt að leiðarljósi og að ætíð sé beitt vönduðum og faglegum vinnubrögðum í allri starfsemi hans. Starfskjarastefnan á þannig að leggja grunn að skilvirkni í starfsemi sjóðsins og stuðla að því að hann nái markmiðum sínum með sjálfbærum hætti.

*[…]*

Tilgangur starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs er að hagsmunir sjóðsins, stjórnarmanna hans, starfsmanna, sjóðfélaga og annarra viðskiptamanna hans, fari sem best saman. Það eru sameiginlegur hagsmunir allra þessara aðila að sjóðurinn nái að laða að og halda í hæfa og vandaða starfsmenn sem setja sjálfbærni og langtímahagsmuni allra tilgreindra aðila í forgrunn.

**A. Megináherslur í starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs eru:**

1. Grunnlaun. Stapi lífeyrissjóður býður sanngjörn og samkeppnishæf grunnlaun í samræmi við hæfni einstaklinga og markaðsaðstæður. Stapi lífeyrissjóður greiðir sambærileg laun fyrir sambærilegt vinnuframlag.
2. Sveigjanleiki. Stapi lífeyrissjóður leggur áherslu á að vera sveigjanlegur vinnustaður og kemur til móts við þarfir bæði starfsmanna, sjóðfélaga og annarra viðskiptavina. Stapi lífeyrissjóður telur það mikilvæga hvatningu að starfsmenn geti samræmt starf sitt öðrum hlutverkum lífsins. Starfsmenn geta því samið um sveigjanlegan vinnutíma og reynt er eftir föngum að taka tillit til óska starfsmanna, þó aldrei þannig að það bitni á sjóðfélögum eða öðrum viðskiptamönnum sjóðsins.

**B. Framkvæmd starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs.**

1. Starfskjör stjórnarmanna. Stjórnarmenn fá greidd stjórnarlaun í samræmi við ákvörðun ársfundar hverju sinni. Nefnd um laun stjórnar skilar tillögu um laun stjórnar og undirnefnda stjórnar til ársfundar. Nefndin starfar samkvæmt ákvæðum samþykkta sjóðsins og starfsreglum um störf nefndarinnar. Almennt er miðað við að stjórnarlaun hjá Stapa séu sambærileg og greitt er fyrir viðlíka stjórnarstörf að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar.
2. Starfskjör framkvæmdastjóra. Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir öllum starfskjörum hans.
3. Starfskjör stjórnenda og lykilstarfsmanna. Framkvæmdastjóri gerir skriflega ráðningarsamninga við stjórnendur og lykilstarfsmenn þar sem gerð er grein fyrir starfskjörum og skulu þau taka tillit til markaðsaðstæðna og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
4. Starfskjör annarra starfsmanna. Skriflegir ráðningarsamningar eru gerðir við aðra starfsmenn þar sem gerð skal grein fyrir starfskjörum og taka þau tillit til aðstæðna á vinnumarkaði og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
5. Kaupaukar. Ekki eru í gildi nein kaupaukakerfi hjá Stapa lífeyrissjóði.
6. Yfirvinna. Við það skal miðað að við venjulegar aðstæður rúmist sú vinna sem inna þarf að hendi vegna starfsemi sjóðsins innan þeirra marka sem sett eru í ráðningarsamningum starfsmanna. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur þó heimild til að samþykkja yfirvinnu til handa starfsmönnum, s.s. vegna álags sem upp kann að koma vegna sérstakra aðstæðna.



# Orðið er laust

Starfskjarastefna

# 9. Ákvörðun um laun stjórnar og nefnda

# Stjórnar- og nefndarlaun

## Niðurstaða nefndar um laun stjórnar

Nefndin gerir þá tillögu að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki um 3,25% í stað þess að miða við launavísitölu sl. 12 mánaða (6,8%) líkt og tillögur nefndarinnar hafa miðað við frá tilurð hennar.

Í nýlegum kjarasamningum ASÍ og SA var samið um 3,25% hækkun launa. Markmið samninganna var m.a. að tryggja jarðveg fyrir lækkun vaxta og verðbólgu. Samningsaðilar hafa lýst yfir að verkefninu sé ekki lokið og mikilvægt sé að enginn skorist undan ábyrgð. Með tillögunni er því ákalli svarað.

Til lengri tíma er mikilvægt að horft verði til þess að stjórnarlaun hjá Stapa verði sambærileg og greitt er fyrir viðlíka stjórnarstörf að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar í samræmi við starfskjarastefnu sjóðsins.

# Stjórnar- og nefndarlaun starfsárið 2024-2025

Í samræmi við tillögu nefndar um laun stjórnar gerir stjórn tillögu um að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki í samræmi við almennar launabreytingar í nýlegum kjarasamningum eða sem nemur 3,25% og verði eftirfarandi vegna komandi starfsárs:

- Stjórnarmaður: 91.045 kr. pr. mán og 60.696 kr. pr. mætingu á fund
  - Formaður stjórnar: 182.090 kr. pr. mán og 121.393 kr. pr. mætingu á fund
  - Varaformaður stjórnar: 136.566 kr. pr. mán og 91.045 kr. pr. mætingu á fund
  - Varamaður í stjórn: 75.870 kr. pr. mætingu á fund

- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 57.023 kr. á mánuði
  - Formaður endurskoðunarnefndar 114.046 kr. á mánuði

- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 151.739 kr. fyrir starfsárið
  - Formaður nefndar um laun stjórnar 227.610 kr. fyrir starfsárið



# Orðið er laust

Laun stjórnar og nefnda

# 10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar

# Framboð í nefnd um laun stjórnar

Hjá sjóðnum skal starfa nefnd um laun stjórnarmanna sem skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund

Í nefndinni sitja stjórnarformaður sjóðsins auk þriggja einstaklinga sem ekki eru stjórnarmenn og eru kosnir á ársfundi sjóðsins

Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt

**Frá atvinnurekendum**

- Stjórnarformaður
- Borghildur Rúnarsdóttir

**Frá launþegum**

- Ósk Helgadóttir
- Tryggvi Jóhannsson



# Orðið er laust

Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar



# 11. Önnur mál



Takk og bless